

Reglugjörð

14
27. mars

um hafnargjöld í Reykjavík.

1. kafli.

Um lestagjald.

1. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip, mótorskip, bátar, hvers kyns uppskipunartæki, hvort sem þau eru tóm, eða hlaðin vörum eða sæglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn sem þau leggjast við festar á höfninni, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

Ef ekki er öðru vísi ákveðið greiðist lestagjaldið af nettó-burðarmagni skipsins, talið í heilum tonnum, en brotum skal sleppa.

2. gr.

a. Allar fleytur, sem heima eiga í Reykjavík og minni eru en 15 tonn skulu greiða lestagjald tvisvar á ári, 2. janúar og 1. júlí, 1 krónu fyrir hvert tonn, þó aldrei minna en 2 krónur í senn.

Uppskipunarbátar, prammar og önnur uppskipunartæki, svo og geymsluskip, greiða sama gjald, þótt stærri sju en 15 tonn.

b. Innland fiskiskip, hverju nafni sem nefnast, svo og öll skip, sem eru eingöngu í innanlandssiglingum, skulu greiða lestagjald, 15 aura fyrir hvert tonn, þó ekki oftár en tvisvar á almanaksmánuði, þótt þau komi oftár til hafnar.

c. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, nema herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skírteini sem skemtiskip, skip, sem gjörð eru út til vísindalegra rannsókna og skip þau, sem getur um í staflíð d. og e. þessarar greinar, skulu greiða 20 aura lestagjald fyrir hvert tonn.

d. Skip, sem leita hafnarinnar vegna illveðurs, sjóskaða, eða skemda á skipi á einhvern hátt, greiða ekki lestagjald nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur.

Sama gildir og um skip, sem leita hafnarinnar til að rjetta áttavita, setja á land sjúka menn eða látna, eða til að fá skipanir.

e. Skip, sem leita hafnarinnar til að fá kol, olíu eða vistir, en afferma ekki vörur, eða ferma að öðru leyti, skulu greiða hálflestagjald.

3. gr.

14

Ef skip er lengur í höfninni en einn mánuð, skal að þeim tíma liðnum greiða 5 aura lestagjald af tonni fyrir hverja viku, eða hluta af viku, sem skipið dvelur í höfninni. Hafi skipið verið tekið á land til viðgerðar, telst sá tími ekki með, er það stóð uppi.

Ef skipi er lagt í lægi, og liggur lengur en 3 mánuði, lækkar gjaldið að þeim tíma liðnum um helming.

27. mars

2. kafli.

Um vitagjald.

4. gr.

Öll skip, sem til hafnar koma á tímabilinu frá 1. ágúst til 15. maí og lestagjald greiða, skulu greiða vitagjald, 2 krónur í hvert sinn er þau hafna sig.

3. kafli.

Um bryggjugjald.

5. gr.

Hvert skip, sem legst við bólvirki eða bryggju, aðra en bátabryggju, eða við skip, sem liggur við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald af nettó-burðarmagni skipsins, talið í heilum tonnum, en brotum skal sleppa.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern hálfan sólarhring, eða hluta af hálfum sólarhring, 4 aura af hverju tonni, þó aldrei minna en 5 krónur fyrir hvert skip.

Liggja skip við bólvirki eða bryggju lengur en 6 virka sólarhringi, tvöfaldast gjaldið að þeim tíma liðnum.

Herskip og varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

6. gr.

Bátar, sem ekki eiga heima í Reykjavík, greiða 2 krónur fyrir hvern sólarhring, eða hluta úr sólarhring, sem þeir liggja við bátabryggju í inuri höfnina, en bátar, sem eiga heima í Reykjavík, greiða ekki gjald fyrir afnot af bátabryggjum.

4. kafli.

Um festargjald.

7. gr.

Skip og bátar, önnur en herskip og varðskip, sem nota festar hafnarinnar, skulu greiða 4 aura af hverju tonni af nettó burðarmagni skipsins fyrir hvern sólarhring, eða hluta sólarhrings, þó aldrei minna en 2 krónur í senn.

Noti skip eða bátur sömu festar 3 mánuði samfleytt eða lengur, lækkar gjaldið um helming.

5. kafli.

Um vörugjald.

8. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi eða dauðum, sem fluttar eru af skipsfjöllum á land, eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, með þeim undantekningum, sem síðar getur.

9. gr.

Ef leggja þarf vörur, sem á farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu, á land um stundarsakir, t. d. vegna þess, að skip, sem á að taka vörurnar, er ekki komið í höfnina, skal að eins greiða vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar í land.

10. gr.

Af vörum, sem fluttar eru úr landi á skip og ákveðnar eru til annara hafna innanlands greiðist hálf vörugjald.

11. gr.

Vörugjald greiðist ekki af vörum, sem samkvæmt farmskrá skips eiga að fara til annara hafna, en um stundarsakir eru settar á land vegna skemda á skipi, enda verði þær látnar aftur í skip.

12. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Nýr og saltaður fiskur óverkaður og nýjar fiskiafurðir, sem fluttar eru á land í höfninni.
- b. Innlend mjólk og rjómi, sem flyst til hafnarinnar.
- c. Umbúðir, sem endursendar eru.
- d. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- e. Brjefapóstur og farangur ferðamanna.
- f. Vörur og tæki til hafnarinnar.
- g. Vörur, sem fluttar eru úr herskipi, eða í herskip.

13. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meiru telst heil gjaldeining, en minna brot hálf gjaldeining. Fara skal eftir farnskránn skipa við útreikning vörugjalds og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í tje eftirrit af farnskrá skips hans. Sje engin farnskrá skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefir fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugastar. Reynist vörumagnið meira, en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

14. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur og gjald greiða eins og þar segir.

Ef vafi leikur á í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, skal hafnarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

15. gr.

Vörugjaldsskrá.

1. flokkur: *Gjald 10 aurar fyrir hver 100 kíló.*
Gætur, saltaðar í þökkum. Ísvarinn fiskur. Kol. Nýr fiskur, slægður og óslægður. Óverkaður saltfiskur. Salt. Sild.
2. flokkur: *Gjald 12 aurar fyrir hver 100 kíló.*
Bly. Bryni. Cement. Eldfastur leir. Gaddavir og stálvir, Hverfisteinar. Járn- og koparvir. Járn og stál. Járnkeðjur. Járnpípur. Þakjárn. Þakpappi.
3. flokkur: *Gjald 15 aurar fyrir hver 100 kíló.*
Baðlyf. Feiti. Fiskilínur. Kaðlar. Kitti. Krit. Leður. Leirvörur. Litarvörur þungar. Linoleum. Ofnar og steypar járnvörur. Pappir og bækur. Pokar. Pokastrigi. Prentsverta. Rjól og rulla. Rúðugler. Saltfiskur, þur. Saumur. Sápa. Segldúkur. Seglgarn. Sódi. Togleður. Tvistur. Vaxdúkur.
4. flokkur: *Gjald 18 aurar fyrir hver 100 kíló.*
Áburðarolia. Benzin. Fernisolia. Garnir. Hrogn. Kjöt. Mör. Palmin. Rjúpur og aðrir fuglar. Smjör. Smjörliki. Steinolia. Tólg. Tjara.
5. flokkur: *Gjald 20 aurar fyrir hver 100 kíló.*
Brauðvörur. Dúnn. Fiður. Harðfiskur. Hey. Kartöflur. Kálmeti. Kornvörur allskonar. Lýsi. Skinn, þur. Sundmagar. Ull.

- 14** 6. flokkur: *Gjald 25 aurar fyrir hver 100 kíló.*
 27. mars Avextir, nýir, þurkaðir og niðursoðnir. Kaffi. Kakao. Lyf og lyfjavörur. Mjólk. Niðursoðuvörur. Nýlenduvörur, allskonar. Súkkulaði. Sykur. Te.
7. flokkur: *Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kíló.*
 Eldspítur. Glervörur. Glysvarningur og þessháttar léttar vörur. Reyktóbak. Skófatnaður. Vefnaðarvörur. Vindlar.
8. flokkur: *Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kíló.*
 Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
9. flokkur: *Gjald 5 aurar fyrir hvert teningsfet.*
 Timbur. Tunnur. o. þ. h. vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
10. flokkur: *Gjald 8 aurar fyrir hvert teningsfet.*
 Bifreiðar. Húsgögn. Orgel. Píano. Saumavélar. Skilvindur. Stundaklukkan o. þ. h. vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
11. flokkur: *Gjald kr. 1.00 fyrir hvert stykki.*
 Hross og nautgripir.
12. flokkur: *Gjald 25 aurar fyrir hvert stykki.*
 Hundar. Sauðfé. Svín.

6. kafli.

Um ýms gjöld til hafnarinnar.

16. gr.

Fyrir að leggja skip á fjöru til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða 8 aura af hverju tonni af nettó-burðarmagni skipsins fyrir hvern sólarhring, eða hlut af sólarhring, þó aldrei minna en 2 krónur.

17. gr.

Fyrir bátauppsátur í innri höfninni greiðist 8 krónur á misseri fyrirfram 2. janúar og 1. júlí.

18. gr.

Fyrir að leggja vörur, sem affermdar eru, á land hafnarinnar, skal greiða 2 aura fyrir hvert stykki, sem ekki er flutt burtu samdægurs, og greiðist sama gjald fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem varan liggur. Sunnudagar og helgidagar teljast ekki.

Sama gjald skal greiða fyrir vörur, sem fluttar eru á land hafnarinnar og fara eiga í skip.

19. gr.

14

27. mars

Ef vörur, sem ferma á, eða affermdar eru, eru látnar í geymsluhús hafnarinnar skal greiða 10 aura fyrir hvert stykki, ef varan er flutt burtu aftur innan 3 daga. Sunnudagar og helgidagar teljast ekki. Fyrir geymslu um lengri tíma skal greiða það gjald, sem um semur við hafnarstjóra.

20. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar og geymsluhús, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

21. gr.

Fyrir að nota dráttarbáta hafnarinnar, krana hennar, sporbrautir og önnur tæki, skal greiða það gjald, sem hafnarstjóri ákveður í hvert skifti.

22. gr.

Fyrir kjölfestu greiðist sú borgun, sem hafnarstjóri ákveður í hvert skifti.

7. kafli.

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

23. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar.

24. gr.

Skipstjóri eða formaður á skipum, bátum og öðrum fleytum ber ábyrgð á greiðslu lestagjalds, bryggjugjalds, vitagjalds, festargjalds, fjörugjalds, dráttargjalds og kjölfestugjalds. Ef enginn skipstjóri eða formaður er á fleytunni, ber eigandi fleytunnar ábyrgð á greiðslu gjaldanna. Hafnarsjóður hefir haldsrjeit yfir fleytunni uns gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti, sem ekki er í reglugjörið þessari ákveðinir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni, og enginn skipstjóri getur vænst þess, að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta, nema hann með vottorði frá hafnarstjóra sanni, að hann hafi greitt öll gjöld til hafnarinnar.

14

27. mars

25. gr.

Vörugjald og leigu fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar samkv. 18. og 19. gr., greiðir móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar, og sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, og hefir hafnarsjóður haldsrjett á vörunum, uns gjaldið er greitt. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðsумаður skipsins standa hafnarstjóra skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefir ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, er affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

26. gr.

Leigu af lóðum og húsum hafnarinnar skv. 20. gr. greiðir samningsaðili.

27. gr.

Gjald fyrir að nota krana hafnarinnar, sporbrautir og önnur tæki skv. 21. gr. greiðir sá, sem hafnarstjóri semur við um afnotin.

28. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki.

29. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 10—500 krónum, nema þyngri refsing liggir við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Reykjavíkur.

30. gr.

Með mál út af brotum á reglugjörð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar hefir samið, er hjer með staðfest til að öðlast gildi 1. apríl 1918.

Í stjórnarráði Islands, 27. marz 1918.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.